

afnota framvegis, að eins með því skilyrði, að eigandinn sjálfur hafi rétt til afnotanna, ef hann útvegar prestinum önnur 10 hundr. í Flatey jafngóð og jafnhagkvæm, verður stjórnarráðið að álíta, að Andrés prestur Hjaltason hafi heimild til að heimta, að jarðnæði það, sem þannig er útnefnt handa prestakallinu, verði honum fengið, og að það verði gjört með tilstilli fógetans, ef á þarf að halda.

Enda þótt stjórnarráðið þannig eptir málsgögnum verði að álíta gjörð þá ónýta, sem fram fór 20. júní f. á. til þess að úthluta Andrési presti Hjaltasyni jarðnæði, og þótt það að öðru leyti þyki sjálfsagt, að sá, sem beiðist gjörða þeirra, er nefndar eru í konungsbréfi 18. apríl 1761, greiði kostnaðinn við þær, þykist stjórnarráðið samt geta leyft, sökum þess, að hér stendur sèrstaklega á, samkvæmt tillögum yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, í bréfi 4. nóvbr. f. á., að kostnaðinn við téða gjörð, sem er 35 rd. 48 sk., megi greiða af því fê, sem í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands er ætlað til óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, á yfirstandanda reikningsári, og höfum vér í dag skrifað landfógeta að borga fêð, er þær gjörið tilkall til þess.

1872.
21. júní.

69. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stipsyfirvaldanna yfir Íslandi, um sölu á Haukstöðum, eign Hofskirkju i Vopnafirði.

22. júní.

Eptir að hingað hafði borizt bréf stiptamtsins og yðar háæruverðugi herra, dagsett 22. apríl þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknazt 17. þ. m. allramildilegast að fallast á að selja megi frá Hofskirkju í Norðurmúlasýslu í norður- og austur-umdæmi Íslands jörðina Haukstaði með hjáleigunum Hólum og Skálamó og tveimur kúgildum leiguliðanum á tæðri jörð, Birni Gíslasyni, fyrir 3,500 rd., þannig að minnst 2,000 rd. af and-

1872.
22. júní.

virðinu verði borgaðir um leið og kaupbréfið er gefið út, og að það, sem eptir er, standi óborgað móti veði í jörðunni með fyrsta veðrætti og 4 af hundraði í vexti á ári hverju, og með því skilyrði, að undanþága sú frá skattgjaldi, sem jörðin hingað til hefir notið, falli burt eptir söluna, og að stiptsyfirvöldunum yfir Íslandi verði boðið að sjá um, að sá hluti kaupverðsins, sem borgaður verður úti hönd, verði ávaxtaður fyrir kirkjuna á Hofi, annaðhvort með því að kaupa rikisskuldabréf, sem hljóða uppá kallið, eða selja hann að leigu gegn veði í fasteignum

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf.

27. júní.

70. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um samlagning sókna í Þingeyjarsýslu.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsett 10. apríl þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknazt 18. þ. m. allramildilegast að fallast á:

að Helgastaða kirkja í Þingeyjarsýslu í norður- og austurumdæmi Íslands verði lögð niður, og að Helgastaða sókn verði sameinuð við Einarstaða sókn, þannig að Einarstaða kirkja verði ein kirkja í sókninni, þar sem halda skal guðspjónustugjörð á öllum sunnudögum og helgum dögum;

að Helgastaða kirkja ásamt með portjón hennar og því, sem henni fylgir, verði samkvæmt samningi þeim, sem gjörður er við eigendur Einarstaða kirkju, fengin þeim, til þess hún verði rifin, með því skilyrði, að þeir á eigin kostnað og án nokkurs tillags frá Helgastaða söfnuði stækki Einarstaða kirkju svo, sem kann að þurfa sökum þess að Helgastaða söfnuður verður sameinaður við Einarstaða söfnuð;